



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

MÁLÞING UM NORRÆNA FEÐUR OG KYNNING Á ÁRNASAFNI

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson flytur ávarp og tekur þátt í pallborðsumræðum á málþingi í Kaupmannahöfn um stöðu feðra, kynjajafnrétti og foreldraorlof á morgun, fimmtudaginn 14. nóvember. Norræna ráðherranefndin stendur að viðburðinum sem nefnist á ensku „State of Nordic Fathers“. Niðurstöður nýrrar könnunar og rannsóknar um það viðfangsefni verða kynntar og síðan ræddar í pallborði, með þátttöku forseta og annarra málþingsgesta. Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://www.norden.org/en/event/state-nordic-fathers>.

Á meðan Danmerkurdvöl forseta stendur mun hann einnig heimsækja Árnasafn við Kaupmannahafnarháskóla og ræða við norrænufræðinga og aðra um safnkostinn þar og framtíðarhorfur.

13. nóvember 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).